

## 1130. stjórnarfundur VR

Haldinn þriðudaginn 26. maí 2015, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

**Mætt voru:** Ólafía Björk Rafnsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Benóný Valur Jakobsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Páll Örn Líndal, Ragnar Þór Ingólfsson, Rannveig Sigurðardóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.  
Gestir: Viðar Ingason, Elías G. Magnússon og Steinunn Böðvarsdóttir

### Dagskrá:

- Fundargerð 1129. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.**  
Ólafía Björk lagði fram fundargerð 1129. stjórnarfundar til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.  
Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.
- Frestun verkfallsaðgerða**  
Ólafía Björk bar nú upp til samþykktar þá ákvörðun samningamanna í kjaraviðræðum að fresta beri verkfallsaðgerðum um 5 daga á meðan leitast er við að leita lausna á kjaradeilunni.  
  
Samþykkt.
- Kynnt drög að nýjum kjarasamningi**  
Ólafía Björk fór nú yfir á glærum helstu atriði í þeim drögum að kjarasamningi sem stillt hefur verið upp af samningsaðilum. Helstu atriðin eru eftirfarandi:

#### Samningstími og forsendur

Gildistími frá 1. maí til loka árs 2018

Megináhersla er lögð á hækkun lægstu launa og að verja stöðu millitekjuhópsins

Árlegar hækkanir í byrjun maí 2015, 2016, 2017 og 2018

Launahækkanir fyrstu tvö árin byggja á taxtahækkun og launaþróunartryggingu

Sérstök forsendunefnd sett á laggirnar og í samningnum eru árleg opunarákvæði

#### Forsendur og uppsagnarákvæði

Í febrúar 2016 og febrúar 2017 – mat á því hvort samningurinn hafi verið stefnumarkandi fyrir aðra samningagerð á vinnumarkaði.

Í febrúar 2016 – mat á efdum stjórnvalda á yfirlýsingum í tengslum við kjarasamninga.

Í febrúar 2016, 2017 og 2018 – mat á aukningu á kaupmætti.

### Hækkun launa – almennt

Lágmarkstekjutrygging hækkar árlega - um alls 86 þúsund krónur á gildistímanum eða 40,2%

- ▷ er í dag kr. 214 þúsund á mánuði
- ▷ verður kr. 245 þúsund frá gildistöku samnings
- ▷ verður kr. 300 þúsund í maí 2018

Miðað er við taxtahækkun og launaþróunartryggingu 2015 og 2016. Taxta og prósentuhækkunir 2017 og 2018

### Launahækkunir 2015

Launataxtar hækka um 25 þúsund krónur við undirskrift

Byrjunarlaun afgreiðslufólks hækka að auki um 3.400 við gildistöku samnings

#### **Launaþróunartrygging:**

- ▷ Launaþróunartrygging annarra en þeirra sem taka laun skv. töxtum er 7,2% fyrir laun 300 þúsund krónur eða lægri en fer svo stíglækkandi með hærri tekjum. Launaþróunartryggingin verður aldrei lægri en 3%.

### Launahækkun 2016, 2017 og 2018

#### **2016 - launaþróunartrygging:**

- ▷ Launaþróunartrygging 5,5%, að lágmarki kr. 15.000

#### **2017**

- ▷ Taxtar hækka um 4,5%
- ▷ Byrjunarlaun afgreiðslufólks hækka að auki um kr. 1.700
- ▷ Almenn hækkun er 3%

#### **2018**

- ▷ Taxtar hækka um 3%
- ▷ Almenn hækkun er 2% (m.v. átta mánuði, er 3% á ársgrundvelli)

### Uppbætur

#### **Orlofsuppbót**

2014	39.500	
2015	42.000	(6,3%)
2016	44.500	(6,0%)
2017	46.500	(4,5%)
2018	48.000	(3,2%)

#### **Desemberuppbót**

73.600	
78.000	(6,0%)
82.000	(5,1%)
86.000	(4,9%)
89.000	(3,5%)

Þá sagði Ólafía Björk frá því að samningnum muni fylgja bókanir um vinnutímabreytingar og menntamál en að næstu skref séu að halda áfram vinnunni við sérkröfur en því ljúki á miðvikudag. Síðan eru væntanlegir fundir með fulltrúum ríkisstjórnarinnar, og stefni menn á að samkomulag liggi fyrir á miðvikudag og samningstextinn liggi fyrir fimmtudaginn 28. maí eða föstudag 29. maí og verði þá aftur fundað með trúnaðarráði.

Umræður.

Að loknum umræðum sagði Ólafía Björk frá því að nú munum við kynna þessi samningsdrög fyrir trúnaðarráði á fundi hér kl. 18:30 en hún vildi þó leggja áherslu á að þessi samningur væri þó ekki enn fullmótaður og við munum síðar leggja mat á endanlegt orðalag bókana.

Fundi var slitið kl. 18:30  
Árni Leósson, fundarritari